

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2015 vegna kjarasamninga

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og annarra rekstrareininga A-hluta fyrir árið 2015 verði hækkaðar um samtals kr. 1.612.100.631 vegna nýgerðra kjarasamninga við Eflingu stéttarfélag, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, SFR stéttarfélag í almannajónustu, Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, Verkstjórasamband Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda í leikskólum.

Kostnaðarauki verði fjármagnaður með eftirfarandi hætti: af kostnaðarstað 09126 Launa- og stafsmannakostnaður kr 85.000.000, af kostnaðarstað 09205 Ófyrirséð kr. 470.000.000 og kr. 1.057.100.631 af handbæru fé. Breytingin felur í sér að rekstrarniðurstaða og handbært fé A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar verður kr. 1.057.100.631 lakari en áætlað hafði verið.

Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingar á fjárheimildum á fagsvið og rekstrareiningar.

Greinargerð:

Fyrir liggur bráðabirgðamat á kostnaðaráhrifum vegna kjarasamninga við ofangreind stéttarfélög. Þegar endanlegt kostnaðarmat liggur fyrir skipt niður á fagsvið og rekstrareiningar verður það lagt fyrir borgarráð. Miðað er við að útgreiðslur launa skv. nýjum kjarasamningum ofangreindra félaga komi til útborgunar fyrir jól.

Dagur B. Eggertsson

